



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SCANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Jóhanna Héðinsdóttir
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins
Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Dagana 24.september – 5.október fór ég Jóhanna Héðinsdóttir kennari og verkefnastjóri við Seljaskóla, ásamt Sólveigu Eddu Ingvarsdóttur sérkennara og verkefnastjóra úr Hólabrekkuskóla í skólaheimsókn til Malmö í Svíþjóð.

Þar heimsóttum við tvo grunnskóla í Rosengårdhverfinu. Í fyrri vikunni fórum við í

Örtaggårdsskolan en í þeirri síðari í **Rosengårdsskolan**. Við kynntum okkur þar kennslu í skólum með háu hlutfalli nemenda með annað tungumál. Við sátum annars vegar og fylgdumst með kennurum Örtaggårdsskolan kenna nemendum í tveimur móttökubekkjum og hins vegar fylgdumst við með teymiskennslu umsjónarkennara í tveimur 5.bekkjum í Rosengårdsskolan.

Markmið með styrknum var: *að efla grunnskólakennara til að kenna nemendum með íslensku sem annað mál, og styðja þá í aðlögun í almennu bekkjarstarfi. Ennfremur að leita eftir tengslum í norrænu samstarfi milli eigin skóla og heimsóknarskóla eftir því sem við á.*

Ferðatilhögun og framkvæmd

Fyrirmæli SSH vegnar ferðarinnar voru þau að við sæjum sjálfar um að koma okkur í samband við skóla, á einhverju norðurlandanna, sem hefðu hátt hlutfall tvítyngdra barna. Heimsóknin átti að fara fram á haustönn 2018. Við áttum að sjá um að fá staðfestingu frá heimsóknarskólunum um að þeir vildu taka á móti okkur í tilskilinn tíma, við sáum sjálfar um að panta flug og gistingu og annast uppihald. Við fengum síðan ákveðna styrkupp hæð til þess að standa straum af kostnaði.

Þar sem við Sólveig könnumst hvor við aðra, sinnum sambærilegum verkefnum í okkar skólum, og höfum setið nokkur svipuð námskeið, ákváðum við strax að athuga hvort við fengjum leyfi til þess að fara saman út í þessar heimsóknir. Við töldum það kost að vera úr skólum á sama svæði (Breiðholti) og teljum okkur geta samsamað okkur um marga hluti þó að skólar okkar séu vissulega ekki eins. Eins fannst okkur mikilvægt að geta rætt saman um það sem fyrir augu og eyru bar.

Þar sem heimsóknin átti að eiga sér stað á haustönn, ákváðum við að hefjast strax handa við að skipuleggja ferðina. Við vildum ekki láta það dragast of nærri áramótum. Skólastjóri Seljaskóla kom okkur í samband við Soffíu Pálsdóttur, skrifstofustjóra frístundamála hjá Reykjavíkurborgar sem hafði reynslu og þekkingu af heimsóknum af þessu tagi. Hún hafði því nokkrar hugmyndir að skólum og einnig tengsl. Ein af hennar hugmyndum varð ofaná, þegar hún kom okkur í samband við Sírý Hedberg, íslenska konu sem starfar í Örtaggårdsskolan í Rosengårdhverfinu í Malmö. Sírý hafði strax hugmyndir um að við heimsæktum ekki bara hennar skóla, heldur að við færum í seinni vikunni í Rosengårdsskolan sem er aðeins í um 500m fjarlægð frá Örtaggårdsskolan en hefur dálítið aðra nálgun. Sírý var okkur ómetanleg hjálp. Hún talaði við teymi sem voru tilbúin að taka á móti okkur í sitt hvorum skólanum og sá um að fá staðfestingu frá skólastjórum.

Við flugum út til Kaupmannahafnar mánudaginn 24.september, en við höfðum leyfi til þess að nota tvo daga af þessum tveimur vikum til ferðalaga. Síðan tókum við lestina yfir til Malmö og komum okkur fyrir í airbnb-íbúð sem við höfðum tekið á leigu. Daginn eftir mættum við á slaginu 8:00 í Örtaggårdsskolan og vorum þar í heimsókn fyrstu vikuna. Þar tóku á móti okkur tveir kennarar tveggja móttökubekkja frá nemenda frá 4.-7.bekk. Við sátum inni í kennslustundum hjá þeim þessa vikuna og tókum þátt í því starfi sem var þessa daga.

Mánudaginn 1.október fórum við síðan í Rosengårdsskolan og vorum þar til fimmtudagsins 4.október. Þar tók á móti okkur tveggja kennara teymi 5.bekkjjar. Við sátum kennslustundir hjá þeim þessa vikuna og tókum þátt í því starfi sem var. Við ferðumst heim daginn eftir eða föstudaginn 5.október.

1. Heimsóknarskóli/-ar

Eins og áður sagði ákváðum við að heimsækja tvo skóla í þessari ferð en þeir eru í sama hverfinu, Rosengårdhverfinu í Malmö. Hverfið einkennist af háu hlutfalli innflytjenda, þar er atvinnuleysi mikið og menntunarstig lágt. Félagslega vandamál eru meiri en í öðrum hverfum og húsnæði mun ódýrara. Hverfinu má líkja við eyju miðsvæðis í borginni þar sem íbúar þess sækja lítið út fyrir hverfið og geta jafnvel talað móðurmál sitt við hvers kyns þjónustu sem þeir þarfnast innan hverfisins.

Á tíma var hverfið mikið í fréttum vegna hárra tíðni glæpa. Skólarnir þóttu ekki eftirsóknarverðir og lítill árangur náðist. Unglingaskóla sem hafði verið í hverfinu var lokað vegna þess að erfitt þótti að taka á hegðunarvanda innan hans. Nú síðustu ár hafa miklar breytingar orðið. Ungt menntað fólk fætt í Svíþjóð hefur sýnt hverfinu aukin áhuga enda hverfið á góðum stað í borginni og húsnæði ódýrara. Skólarnir hafa náð ótrúlegum árangri svo eftir er tekið, jafnvel út fyrir landsteinana.

Aðeins um sænska skólakerfið:

MOSAİK í Malmö er starfræktur skóli sem ber þetta heiti. Öll börn sem koma til landsins byrja á því að fara í þennan skóla í 2 vikur. Þar er kunnátta þeirra, talnaskilningur, færni á hverskyns sviði og almennt aflað upplýsinga um barnið áður en það fer í sinn heimaskóla.

MÓÐURMÁLSKENNARI Öllum börnum með annað tungumál en sænsku er úthlutað visst mikið af tímum í móðurmálskennslu í einhvern tíma. Grunnskólakennarar geta fengið þessa móðurmálskennara inn í skólann sem aðstoð í bekkjarkennslu. Þeir geta líka hitt fámennari hópa barna með sama móðurmál eða verið stuðningur við hvert og eitt barn. Þessi þjónusta er ómetanleg fyrir grunnskólakennara sem taka á móti börnum sem kunna ekkert í sænsku.

Örtaggárdsskolan er grunnskóli fyrir börn frá 1.-7.bekk. Nemendur skólans eru um 400 talsins. Við skólann er einnig leikskóli og sérdeild fyrir fötluð börn. Aðeins voru 4 börn í skólanum með sænsku sem fyrsta mál, annars eru nemendur með sænsku sem annað mál og flestir hafa komið til Svíþjóðar sem flóttamenn.

Í 1.- 4. bekk fara nýir nemendur með annað tungumál en sænsku beint inn í bekk (um það bil 25 nemenda bekkir). Séu nemendur í 5.-7.bekk þegar þeir koma til landsins og hefja skólagöngu, fara þeir í svokallaða undirbúningsbekki og eru þar yfirleitt fyrsta árið, í mesta lagi eitt og hálf á. Nemendur eiga þó alltaf sinn umsjónarbekk og skv. lögum í Svíþjóð verða nemendur að vera komnir inn í almennan bekk, amk. í eina kennslustund á viku þegar tveir mánuðir eru liðnir af skólagöngu þeirra. Er þetta ma. til þess að þessir nemendur séu örugglega látnir aðlagast því skólakerfi sem er við líði og ekki hafðir í sérdeildum/ bekkjum í of langan tíma.

Allt skipulag í skólastarfinu var myndrænt. Allar myndir voru táknrænar (auðvelt að lesa úr þeim) og myndirnar voru samræmdara á milli allra stiga. Þetta er ótrúlega mikilvægt. Þar með vissu allir hvað átti að fara fram í skólastarfinu, hvort sem þeir kunnu mikið eða lítið í sænsku !

Eðli málsins samkvæmt er mikil áhersla á tungumálakennslu í skólanum. Allir kennarar vinna markvisst með orðaforða og tungumálið. Þeir kennarar sem við fylgdumst með voru kennarar undirbúningsbekkjanna og þar höfðu þeir þróað þematengda aðferð við sænskukennslu. Þeir lögðu mikla áherslu á upplifun nemenda og áþreifanleg kennslugögn. Þeir kalla það hringferli.

Sem dæmi:

- Fyrst er *byggð upp þekking og orðaforði*. – þetta er t.d. gert með því að fara á ávaxtamarkaðinn og skoða ávexti, velta lögum þeirra og litum fyrir sér og áferð og bragði, hvar þeir vaxa, hvaðan þeir koma og svo framvegis (byggður upp orðaforði á sænsku út frá áþreifanlegum hlutum).
- Síðan er *skoðaður* fyrirmyndatexti – sameiginlega farið yfir texta um einhvern tiltekinn ávöxt til dæmis.
- Næst eru nemendur undir handleiðslu kennara látnir *skrifa sameiginlegan* texta um ávexti/ávöxt.
- Að lokum eiga nemendur að *skrifa sinn eigin texta* um ávexti.

Með þessu dýpkar þekking nemanda við hvert þrep.

Margar áskoranir eru í skóla sem þessum. Það getur verið flókið að ákvarða hvenær tímabært er að sleppa tókum af nemendum úr undirbúningsbekk inn í almennan bekk. Aðlögunarferlið getur líka verið flókið. Að gera stundatöflur og passa að hver nemandi úr undirbúningsbekknum fari á réttum tíma inn í hina og þessa tíma hjá umsjónarkennurum sínum. Það er að mörgu að hyggja og oft á tíðum flókið utanumhald

Agamál eru líka ofarlega á baugi í skólanum. Kennarar eru meðvitaðir um að „öll börn eru allra börn“ það þarf að hafa afskipti og leiðbeina öllum, ekki bara „sínun“ börnum. Það er virðing í samskiptum við nemendur og við sáum að nemendur báru yfirleitt mjög mikið traust til kennaranna sinna. Við fylgdumst með leikjadegi í skólanum sem var virklega vel skipulagður en sáum þá líka að mörg börn áttu erfitt í félagslegum samskiptum. Þar kemur inn í félagslegur vandi og stundum tungumálaörðuleikar og menningarmunur.

Rosengårdsskolan

Er aðeins í um 500m fjarlægð frá Örtaggårdsskolan, mjög sambærilegur skóli með rúmlega 400 nemendur í 1.-7. bekk þar sem allir nemendur skólans eru með sænsku sem annað mál. Skipulag skólans er samt nokkuð frábrugðið og því var virkilega gaman fyrir okkur að fá tækifæri til þess að sjá báða þessa skóla.

Allt skipulag í skólastarfinu var myndrænt. Allar myndir voru táknrænar (auðvelt að lesa úr þeim) og myndirnar voru samræmdara á milli allra stiga. Þetta er ótrúlega mikilvægt. Þar með vissu allir hvað átti að fara fram í skólastarfinu, hvort sem þeir kunnu mikið eða lítið í sænsku !

Í Rosengårdsskolan eru engir móttökubekkir, þar eru allir nemendur í frekar fjölmennum bekkjum 25-27 að meðaltali. Kennarar vinna í teymiskennslu og eru stundum 3 kennarar með tvo bekki eða 4 kennarar með þrjá bekki. Í nokkurn tíma hefur skólinn unnið markvisst í að þróa kerfi sem lýtur að uppbyggingu og gæðum kennslustunda og aga í skólanum. Allir starfsmenn skólans fylgja þessu sama kerfi og allar kennslustundir eru eins uppbyggðar. Kerfið kalla þeir

(<https://rosengardsskolan.skola.malmo.se/roseng%C3%A5rdsmodellen>) og hefur stuðlað að því að skólinn hefur náð ótrúlegum árangri, bæði bættum námsárangri og betur hefur gengið að ná tókum á aga.

Nokkur dæmi úr Rosengårdsmodellen

- Við byrjum og endum skóladaginn alltaf á sama hátt
- Við byrjum og endum hverja kennslustund á sama hátt
- Það er vinnufriður í skólanum okkar
- Við eigum í lágstemmdum samskiptum (Ross W. Green)
- Það fylgir nemendum alltaf starfsmaður á milli svæða
- Við fylgjum umgengisreglum í matsalnum
- Það eru alltaf fullorðnir til staðar í frímínútum
- Allt starfsfólk skólans vinnur með orðaforða á markvissan hátt
- Við notum margvísleg hjálpargögn í kennslu
- Við skráum allar fjarvistir
- Við fylgjum jafnréttisáætlun í skólastarfinu
- Við notum hringmódelið í vinnu til að þróa einstaka efnisþætti

Í skólanum var aðdáunarvert að sjá árangur samstarfs og samhentra vinnubragða. Allt starfsfólk var stöðugt að vinna með reglur og að fara eftir þessum viðmiðum sem skólinn hefur sett sér með Rosengårdsmodellen. Og það svínvirkar ! Allir, bæði nemendur og starfsfólk vissu nákvæmlega til hvers var ætlast af þeim og það er vænlegt til árangurs.

3. Lærdómur minn

Það er enginn efi í mínum huga að þetta er lang besta og gagnlegasta skólaheimsókn sem ég hef farið í. Fyrir því eru nokkrar ástæður.

Í fyrsta lagi var dýrmætt að geta verið í þetta langan tíma og fengið tækifæri til þess að skoða, fylgjast með og spyrja sem einstaklingur en ekki í stórum hópi heimsóknarkennara.

Í öðru lagi var ég svo heppin að finna frábæra skóla, einstakt fólk tók á móti okkur og var stolt að sýna okkur og miðla af þeirri reynslu, fagþekkingu og kunnáttu sem það hafði.

Ég er því miður ekki nógu dugleg að fá að fylgjast með samkennurum mínum heima. Ég er viss um að ég gæti líka lært mikið af þeim. Þetta ferli í heild sinni, að setja sig inn í aðstæður/skóla annars staðar sem hefur á einhvern hátt skírskotun í það sem maður er sjálfur að fást við er ótrúlega dýrmætt. Það var margt sem við gátum spjallað um við þessa kennara. Við samsömuðum okkur um

margt – vorum að takast á við svipaðar áskoranir en lærðum einnig mjög margt nytsamlegt og sáum í reynd hvernig þeir eru að mæta áskorunum sem við stöndum sjálf frammi fyrir.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Skólarnir í Rosengårdhverfinu í Malmö fá hæsta fjármagn allra skóla í borginni. Byggist það á nemendasamsetningu og viðurkenningu á þeim þörfum sem skólarnir hafa umfram aðra skóla. Þetta gerir skólunum kleift að vanda alla umgjörð, þróa starf sitt í vinnu með nemendum með annað tungumál en sænsku og hafa fleira fagmenntað starfsfólk (stundum 3 kennara fyrir tvo hópa). Ég myndi vilja sjá að það væri líka gert hér á höfuðborgarsvæðinu. Við þurfum að viðurkenna að hér er mikil skipting á milli hverfa, bæði eftir fjölda innflytjenda og einnig eru hverfi með fleiri félagsleg vandamál. Grunnfjármagnið þarf að vera hærra. Það er lýjandi fyrir skólana að vera í stöðugri baráttu fyrir þessu. Við viljum bara fá að vinna okkar góðu vinnu og þróa okkar góða starf en til þess þurfum við meira fjárhagslegt svigrúm.

Til þess að taka á móti innflytjendum og vera í stakk búin að efla nemendum með annað tungumál en íslensku þurfum við að horfast í augu við að slíkur hópur þarfnast meiri stuðnings. Kennarar þurfa að fá tækifæri til þess að efla sig sem kennara nýbúa og allir þurfa að vera tilbúnir til þess að ganga í takt. Allir verða að vera tungumálakennarar. Við viljum jú að þessir nemendur samlagist, hafi sömu tækifæri á áframhaldandi menntun og aðrir nemendur. Til þess þurfum við að vanda okkur sérstaklega þegar við tökum á móti þeim og kennum þeim tungumálið.

Margt er í rétta átt. Nú er verið að innleiða nýjar móttökuáætlanir og skólarnir hafa aðgengi að túlkajónustu án þess að klípa það beint af úthlutun sinni ef ég skil það rétt. En betur má ef duga skal. Við erum stöðugt að bæta við okkur nemendum af erlendum uppruna og við þurfum að herða okkur í öllum aðbúnaði og umgjörð til þess að okkur farnist sem best í þessum málum.

Lokaorð

Þessi reynsla skilur mikið eftir sig, bæði fyrir mig persónulega og eins fyrir skólann minn, Seljaskóla. Það var margt sem mér fannst ég geta samsamað mig, verandi kennari í hverfi eins og Breiðholti þar sem er mjög hátt hlutfall barna með annað tungumál en íslensku. Það eru á margan hátt svipaðar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir en auðvitað standa Svíar okkur frammar enda hafa þeir tekið við ótrúlegum fjölda innflytjenda á stuttum tíma og þurft að þróa, aðlaga og bæta skólakerfi sitt í samræmi við það.

Það sem kom á óvart var kannski að í sjálfu sér eru þetta ekki mjög flóknir hlutir. Í grunninn þurfa allir að ganga í takt, gera eins. Allir þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim og til þess þurfa allir að samræma, vinna saman og gera eins. Allir kennarar eru móðurmálskennarar. Og svo ég vitni í orð sem fyrrverandi skólastjóri Rosengårdsskolan birti á glærुकynningu fyrirlesturs sem hún hélt hér á landi fyrir áramótin. „If you want to walk fast, walk alone. If you want to walk far, walk together“

Staður Reykjavík

Dags. 29/1 2019

Jóhanna Héðinsdóttir

Kennari í Seljaskóla

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.